




VESTURBYGGÐ SEFTJÖRN, ÍÓÐ 1

Deiliskipulag fyrir fiskeldi 25. febrúar 2020, endsk: 9. júní og 14. júlí 2020

Skýringar:

- Mörk deiliskipulags
- Byggð hús
- Byggingarreitir
- Stofnvegur
- Aðrir vegir
- Útivist
- Verndarsvæði
- Rotþró

- Núverandi Eldishús, lax/silungs
- Fiskeldisker (steinsteypt)
- Geymsla
- Tjörn
- Rotþró
- Opið svæði/útivist
- Fjörukambur
- Ljósleiðarastöð
- Spennistöð
- Sumarhús
- Íbúð




Deiliskipulag fyrir fiskeldi

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í hreppsnefnd þann _____ 20

Tillagan var auglýst frá _____ 20 ,með athugasemdafresti til _____ 20

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20



Þverá - yfirlitsuppráttur



Hluti úr Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 - 2018

SKILMÁLAR:

- gr. Í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, er land þetta skilgreint sem landbúnaðarsvæði sem verður breytt í iðnaðarsvæði. Deiliskipulagið er í samræmi við þá stefnumörkun og markmið sem fjalla er um í greinargerð aðalskipulagsins. Í kafla 1.2 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS bls. 7 segir: *Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 miðast við að sjá fyrir nægu landrymi fyrir mismunandi starfsemi næstu 12 ár þ.e. tímabilið 2006-2018. Helsta markmið skipulagsins er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.* Á bls. 8 í greinargerð Aðalskipulagsins eru tilgreind, sérgreind markmið sem leggja skal áhersla á og eru þau m.a. eftirfarandi: liður 2: # *Að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.* og liður 13: # *Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannaúts sé í samræmi við markmið sjálfberrar þróunar.* Enn fremur: Kafla 1.2.1 (bls. 8) Sameiginleg stefna sveitarstjórnar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps er eftirfarandi: *Það er sameiginleg stefna þessara sveitarfélaga að nauðsynlegt sé að skilgreina skýra atvinnumálastefnu fyrir svæðið í heild sinni til að fjölga iðnum og störfum í þessum tveimur sveitarfélögum. Bæta þar í mynd svæðisins til þess að auðvelda framtíðni markmiða sem sett eru fram og ein af helstu forsendum fyrir eflðum kjörum íbúa í Vestur-Barðastrandarsýslu og betra starfsumhverfi eru bætta samgöngur í sýslunni.*
- gr. Deiliskipulagið nær yfir mannvirki Fiskeldisstöðvarinnar Eldisvörr ehf í landi Seftjarnar á Barðaströnd. Svæðið er um 1,9 ha að stærð og og er staðsett á landræmu milli Barðastrandarvegur og Vatnsfjarðar. Landið er í fjöru, en fjær er mói, kjarr og melur. Aðkoma er frá Barðastrandarvegi. Um skeið hefur verið starfrækt fiskeldi af fyrirtækinu Eldisvörr ehf og er ársframleiðsla um 28 tonn af flökum, lífmassi á ársgrundvelli um 40 tonn.
- gr. Samkvæmt Þjóðskrá Íslands eru skráð tvö mannvirki á svæðinu: Eldishús (372,5 fm), byggt 1984 og geymsla (42,2 fm) byggð 1998. Nýlega hefur verið byggð viðbygging við eldishúsið, sem er á tveimur hæðum og er um 160 fm að stærð. Viðbyggingin er m.a. ætluð fyrir starfsfólk. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir um 1.800 fm byggingarreit (merkur A) við fiskeldisstöðin. Innan hans er heimilt að stækka stöðina sem því nemur. Skulu viðbyggingar vera í samræmi við húsið sem fyrir er, varðandi manishæð, þakhalla, byggingarefni og litaval. Þess skal sérstaklega gætt að húsið fari vel í umhverfi. Enn fremur er gert ráð fyrir byggingarreit (merktur B) við geymslu. Innan hans er gert ráð fyrir að geymslan geti stækkað og orðið allt að 150 fm að stærð. Huga skal að heildaryfirbragði allra mannvirkja á svæðinu.
- gr. Kalt vatn til eldisins er fengið úr lind í Þverá (hnit: X=305692.49 Y=567341.65) og er hún sýnd á yfirlitsupprætti. Lögnum, þ.m.t. lögnum fyrir neysluvatn skal komið fyrir í og við vegi eða stíga að svo miklu leyti sem hægt er, svo að sem minnst jarðrask hljóti af.
- gr. Brunavarnir eru frá Brunavörnum Vesturbyggðar.
- gr. Rafmagn er fengið úr virkjun á svæðinu.
- gr. Raflyðingu á svæðinu skal halda í lágmarki, en beina henni niður þar sem hún er.
- gr. Losun sorps skal vera í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins hverju sinni.
- gr. Gert er ráð fyrir rotþró á svæðinu (sjá upprátt). Gerð og staðsetning rotþróar og fráveitukerfis er háð samþykki Heilbrigðisfulltrúa Vesturbyggðar. Ganga skal frá fráveitu skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br.. Rotþrær og siturlagnir skulu ávallt, þannig staðsettar og frágengnar að aðgengi að þeim til tæmingar, efirlits og viðhalds sé auðvelt að teknu tilliti til aðstæðna að öðru leyti. Allt afrennsli úr eldiskerjum verður leitt í settjarnir til að koma í veg fyrir að föðurléifar fari út í sjó. Afrennsli af seiðældi skal vera fiskhelt.
- gr. Forðast skal láta lausamuni standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo engin hættu stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama. Einnig skal forðast skemmdir á landi og gróðri umfram það sem nauðsynlegt er meðan á framkvæmdum stendur. Leitast skal við að halda yfirbragði svæðisins og græða upp þau landsár sem verða við framkvæmdir.
- gr. Deiliskipulagssvæðið er innan friðlands Vatnsfjarðar sem er friðlýst sem skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 96/1975 og innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem nýtur verndar skv. lögum um vernd Breiðafjarðar-svæðisins nr. 54/1995.
- gr. Svæðið er að hluta byggt og er því þegar raskað. Frekari uppbygging mannvirkja á svæðinu mun, hafa einhver neikvæð áhrif á ásynd og landslag. Dreigið er úr neikvæðum áhrifum eins og hægt er, með því að setja í skilmála, að mannvirki skuli falla að svipmóti lands og skal lita- og efnisval miða við náttúrulega liti í umhverfinu. Starfsemi þessi er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem hún mun styrkja byggð, skapar atvinnutækifæri og auka fjölbreytni í atvinnulífi.
- gr. Ef vart verður við fornleifar við uppgroft á svæðinu skal skýra Minjavernd frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minja-stofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands“.

UMHVERFISSKÝRSLA:

Deiliskipulag þetta er háð lögum um umhverfismat áetlana nr. 105/2006 en í deiliskipulaginu felast framkvæmda-áform sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 1. viðauka lið 1.12.

Þar kemur fram að þaueldi á fiski þar sem ársframleiðsla er minni en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er minni en 20 tonn og fráveita er í ferskvatn falli í c-flokk þar sem tilgreindar eru þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilvikinu með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum.

Þar sem eldið er mun umfangsminna en ársframleiðsla er 28 tonn af flökum og lífmassi á ársgrundvelli 40 tonn þá er skipulagsáformin eru ekki talin líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér, en þeir þættir sem líklegir eru til að verða fyrir umhverfisáhrifum af völdum áætlunarinnar eru samfélag (atvinnulíf), landslag (sjónræn áhrif) og náttúra (vatn og fjörur).

Þau framkvæmdaáform sem felast í deiliskipulaginu eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á atvinnumál í sveitarfélaginu. Yrstru umhverfissjónarmiðum skal fylgt á svæðinu og úrgangs- og affallsmál skulu vera í samræmi við lög og reglugerðir.

Þá skal hugað sérstaklega að ásynd svæðisins með tilliti til staðsetningar þess og því haldið snyrtilegu í hvívetna. Deiliskipulagsáformin eru því ekki talin hafa neikvæð áhrif á jarðveg, vatn og fjörur.

Þau viðmið sem höfð voru til hliðsjónar voru eftirfarandi:

Umhverfisþáttur Tengsl	Visar	Viðmið	Niðurstaða umhverfismats
Samfélag	Staða atvinnulífs Hagvöxtur Fjölbreytni Þjónustustig Íbúafjöldi	Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 Bygðaaætlun fyrir Vestfirði	+ Aukin starfsemi getur eftl atvinnulífið í sveitarfélaginu og haft áhrif á aðra þróun innan þess.
Landslag	Ásynd	Náttúruminjaskrá Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar	0 Fiskeldi hefur þegar verið starfrækt frá 1986 og breytingin hefur því engin áhrif þar á og umfangið mjög takmarkað. Framkvæmdir hafa breytt ásynd svæðisins. Sjónrænt áhrifasvæði getur verið stórt
Vatn	Vatnsgæði Vatnsrennsli	Velferð til framtíðar: Stefnumörkun Stjórnvalda til 2020 Vatnalög nr. 20/2006 Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 m.s.br.	0 Öflun kalds vatns getur kemur úr nærliggjandi borholu og hefur takmörkuð áhrif á vatnsbúskap sem og jarðfræðilega og líffræðilega þætti
Fjörur	Frárennsli Fráveita	Náttúruminjaskrá Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar	0 Frárennsli frá eldi fer í settjörn, annað skólp í þrískipta rotþró



Mkv: 1 : 4.000 (A2)

0 100 m 200 m

Teiknað og hnitasett eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Öll hnit eru ísn93 og hafa nákvæmni innan við metri í plani.

Þéður H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í. Laugaveg 13 101 Reykjavík Sími: 562-4140 ima@simnet.is